



## Tennisklúbbur Þróttar 2020

### I Tennisklúbbur Þróttar

Tennisdeildin starfrækir tennisklúbb TP. Meðlimir er félagar tennisdeildar TP og aðrir sem stjórn TP samþykkir og greitt hafa árgjald til TP.

|   |            |
|---|------------|
| Almennt árgjald                             | Kr. 8.000  |
| Fjölskyldugjald (Maki og börn innan 18 ára) | Kr. 10.000 |
| Unglingagjald (16 – 18 ára)                 | Kr. 3.000  |

### II Vallarskilmálar.

**Klúbbfélagar, sem greitt hafa árgjald, fá velli samkvæmt eftirfarandi skilmálum án greiðslu vallargjalds:**

1. Völlur sé ekki frátekinn fyrir tennisnámskeið, klúbbtíma (opinn öllum klúbbfélögum), mót eða er þegar pantaður af öðrum klúbbfélaga.
2. Þeir sem skráð sig hafa í klúbbinn og greitt hafa árgjald fá afhenta lykla að völlum og vallarsvæðinu. Óheimilt er að afhenda öðrum lyklna og skal þeim skilað við brotthvarf úr klúbbnum eða ef árgjald er ekki greitt.
3. Þeir klúbbfélagar sem skrá sig á a.m.k. eitt tennisnámskeið á vegum deildarinnar fá helmingsafslátt af klúbbgjaldi.

**Þeir sem ekki eru í klúbbnum geta fengið völl með þessum skilmálum.**

1. Greiða vallarleigu kr. 2.000 pr. klst.
2. Völl má panta samdægurs. Sé pantað með meiri fyrirvara vikur sú pöntun fyrir klúbbfélaga sem pantar völl með dags fyrirvara.
3. Lyklar að völlum eru afhentir hjá húsverði í félagshúsi Þróttar (s. 580-5900) gegn afhendingu skilatryggingar, t.d. persónuskilríkja, og skal skilað þangað að loknum leik.

Börn og unglingar 15 ára og yngri, sem ekki eru klúbbfélagar, geta spilað endurgjaldslaust á völlum en geta ekki pantað tíma og verða að víkja af velli fyrir klúbbfélögum og þeim sem kaupa staka tíma. Þeir sem vilja notfæra sér þetta skulu tilkynna sig í vallarhúsinu og fá þar lykla gegn skilatryggingu.

### III Fastir tímar.

Almennt eru vellirnir fráteknið fyrir námskeið og klúbbtíma frá kl. 17-19 mánudaga til fimmtudaga og um helgar frá 10:30-13:00. Nánari upplýsingar um fasta tíma eru kynntar félögum á póstlista.

### IV Greiðslur

Föst klúbbgjöld má greiða í banka eða heimabanka á reikning tennisdeildar:

**kt: 470678-0119, reikn: 0117-26-15758.**

**Vinsamlegast sendið kvittun á [inhauth@me.com](mailto:inhauth@me.com)**

Staka tíma skal greiða með peningum hjá húsverði í félagshúsinu.

### V Nánari upplýsingar.

Nýjustu útgáfu af þessu skjali er að finna á vef félagsins, [trottur.is](http://trottur.is), smellið á Tennis vinstra megin á síðunni. Einnig má hafa samband við forsvarsmenn tennisdeildarinnar, Indriða H. Þorláksson, [inhauth@me.com](mailto:inhauth@me.com) og Braga, [bragihauksson@gmail.com](mailto:bragihauksson@gmail.com). Ef erindið er brýnt, þá er farsími Indriða 863-4332 og farsími Braga 864-2273.